

Tryggvagata, Naustin og Grófin

Framkvæmdavakt 2020-2022



Stefán Ólafsson (ritstjóri)
aðrir höfundar efnis Hólmsfríður Sveinsdóttir
og Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir

Fornleifastofnun Íslands ses
Reykjavík 2023
FS923-20191



Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 202005-0149

Þjóðminjasafnsnúmer: 2020-24

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: 005:019, 005 005 Tryggvagata milli Pósthússtrætis og Grófarinnar ásamt norðurhluta Naustanna, Reykjavík: Fornleifaúttekt vegna framkvæmda við Tryggvagötu og Naustin. FS791-20121

Stutt lýsing rannsókna: Í sumarbyrjun 2020 óskaði Umhverfis- og Skipulagssvið Reykjavíkurborgar eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses tæki að sér framkvæmdaefirlit við Tryggvagötu og í Naustum. Á framkvæmdasvæðinu komu í ljós hleðslur sem tengdust hafnargerð á fyrri hluta 20. aldar og höfðu sumar af þessum minjum komið í ljós áður.

Tegund rannsókna: framkvæmdaefirlit og framkvæmdarannsókn

Ástand fornleifa við lok rannsókna: Við lok framkvæmda á svæðinu eru eftirtaldar minjar enn til staðar en huldar jarðvegi: hafnarkantur [003] og [033] suðvestan við suðausturhorn Tollhússins, vesturveggur Steinbryggjunnar [011], steyptir sökklar [028], [029] og [030] og bryggjupóstur [032]. Aðrar minjar þurftu að víkja.

Staðsetning: Tryggvagata, Reykjavík, Gullbringu og Kjósarsýsla

GPS hnit: x 357000, y 408402

Rannsóknartími: Framkvæmaefirlit hófst 11. júní 2020 og lauk 28. júní 2022

Leyfishafi: Stefán Ólafsson

Fjöldi starfsmanna: 10

*Myndina á forsíðunni tók Sigríður Zoega eftir gamalli mynd sem A.M. Andersen skipstjóri hafði tekið upphaflega. Hún sýnir Hafnarstræti sennilega einhvern tímann á árunum frá 1860-1869. Á henni má einnig sjá allt framkvæmdasvæðið sem skýrslan fjallar um.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur.*

© Fornleifastofnun Íslands ses

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551-1033

Fax: 551-1047

Veffang: fsi@fornleif.is

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Staðsetningarkort	6-7
Markmið og framkvæmd	8
Aðferðafræði	8
Gripir	9
Hafnarkantur, sjóvarnargarður og bryggja	10
Svæði A10	
Svæði B, D og G	13
Svæði E	18
Svæði F	18
Svæði H	21
Gripi - greining og umfjöllun	22
Lokaorð/niðurstöður	26
Heimildir	30
Viðaukar	
Einingaskrá	32
Gripaskrá	33
Ljósmyndaskrá	36

Útdráttur

Í sumarbyrjun 2020 óskaði Umhverfis- og Skipulagssvið Reykjavíkurborgar eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses tæki að sér framkvæmdaefirlit í Tryggvagötu, Naustum og í Grófinni. Framkvæmdasvæðið lá eftir endilangri Tryggvagötu og afmarkaðist að austan við Pósthússtræti og að vestan við Grófina. Það lá einnig um Naustin, að hluta sunnan Tryggvagötu og svo alveg út að Geirsgötu norðan Tryggvagötu. Framkvæmdasvæðinu var innbyrðis skipt í svæði sem voru aðgreind með bókstöfum frá A-G. Við framkvæmdirnar komu í ljós hafnarkantur frá 1917, bryggja frá 1893 og sjóvarnargarður sem ætla má að hafi verið gerður 1913.

Lykilorð

19-20 öld, hafnarkantur, bryggja, sjóvarnargarður, Reykjavík, Tryggvagata, Naustin, Grófin, fornleifar, framkvæmdaefirlit, framkvæmdarannsókn

Abstract

At the beginning of the summer 2020, the Office of Property Management and Economic Development of the City of Reykjavik requested that the Archaeological Institute of Iceland carried out an archaeological watching brief in Tryggvagata, Naustin and Grófin. The development area was divided into different zones that were labelled by letters from A-G. The unknown and known structures that were discovered in the development area were all connected to harbour fronts and piers built in the late 19th early 20th century.

Keywords

19th-20th century, harbour front, pier, Reykjavik, Tryggvagata, Naustin, Grófin, archaeology, watching brief



Mynd 1. Skilti frá Veitum sem sett var upp í Tryggvagötu þegar framkvæmdir í götunni hófust í byrjun júní 2020. Framkvæmdunum lauk í lok júní 2022.

Inngangur

Í sumarbyrjun 2020 óskaði Umhverfis- og Skipulagssvið Reykjavíkurborgar eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses tæki að sér framkvæmdaefirlit í Tryggvagötu, Naustum og í Grófinni. Ráðist var í miklar endurbætur á svæðinu og náði dýpt framkvæmdarskurðar um 25cm undir sjávarmál. Miklu magni af því jarðvegsefni sem fyrir var á svæðinu var skipt út fyrir nýtt. Tilgangurinn með þessum framkvæmdum var að skipta út flestum af þeim lögnum sem fyrir voru og endurhanna götumyndina.¹ Á framkvæmdasvæðinu komu í ljós hleðslur sem tengdust útfærslu strandarinnar með varnargarði ásamt hafnargerð sem rekja má til fyrstu ártuga 20. aldar. Sumar af þessum minjum höfðu komið í ljós við eldri framkvæmdir í götunni en aðra ekki.


Framkvæmaeftirlitið hófst í Tryggvagötu og Naustum 11 júní 2020 eða um svipað leiti og vinna hófst í götunni. 22. september 2020 var framkvæmdasvæðið stækkað til austurs og gatnamótum Tryggvagötu og Pósthússtrætis lokað. Hlé var gert á framkvæmdum frá 2. desember 2020 til 2. febrúar 2021. Annað hlé var svo gert á framkvæmdaefirlitinu frá 9. júní 2021 til 10. mars 2022. Í síðasta áfanganum var unnið við gatnamót Tryggvagötu og Grófar og lauk framkvæmdaefirliti endanlega 28. júní 2022. Að framkvæmdaefirliti og framkvæmdarannsókn unnu fornleifafræðingarnir Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Grace Cesario, Gylfi Björn Helgason, Howell Magús Roberts, Hólmfríður Sveinsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Lísabet Guðmundsdóttir og Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir fornleifafræðinemi. Umsjón með verkefninu og leyfishafi var Stefán Ólafsson sem einnig ritaði skýrslu.


1 Reykjavíkurborg (2021).



Mynd 2 sýnir mörk framkvæmdasvæðis. Stóru bókstafirnir sýna þau svæði sem getið er um í textanum en númerin í hornklofanum eru einiganúmer þeirra minja sem fjallað er um á hverju svæði. Loftmynd: Loftmyndir ehf

- mörk framkvæmdasvæðis
- mörk framkvæmdasvæðis stækkun
- hnit
- fornleifar
- - - skurðarmörk mannvistarlags
- óljós mörk fornleifa
- skráðar fornleifar utan svæðis






Markmið og framkvæmd

Framkvæmdasvæðið lá eftir endilagri Tryggvagötu og afmarkaðist að austan við Pósthússtræti og að vestan við Grófina. Það lá einnig um Naustin, að hluta sunnan Tryggvagötu og svo alveg út að Geirsgötu norðan Tryggvagötu (sjá kort bls. 6-7). Sérstök skráningarskýrsla var tekin saman vegna framkvæmdanna að ósk Skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og voru þar skráðar um 20 fornleifar.² Framkvæmdaefirlit og fornleifarannsókn fór fram í þremur áföngum. Fyrsti áfangi þessa verkefnis hófst 11. júní 2020 og lauk 2. desember 2020, annar áfangi hóst 2. febrúar 2021 og lauk 9. júní 2021 og þriðji áfangi hófst 10. marz 2022 og lauk 28. júní 2022. Formlegu framkvæmdaefirliti lauk með fundi á vettvangi með fulltrúum frá Minjastofnun Íslands, Eflu fyrir hönd framkvæmdaraðila og Fornleifastofnun Íslands ses. Í fyrsta áfanga var unnið á svæðum A, B, C, D, E og F (sjá mynd 2). Helstu fornleifar sem þar komu í ljós var stór hluti sjóvarnargarðs [009], hafnarkantur RV-005:018 [003] og bryggja [026]. Í öðrum áfanga var unnið að verkefnum á öllu svæðinu austan Grófar og byrjað að vinna á svæði H (sjá mynd 2). Meðal þess sem kom í ljós 2021 var áframhald af sjóvarnargarði [009] á svæði G, annar hluti af hafnarkanti RV-005:018 [033] á svæði A og bryggjupóstur [032] sem mun vera leifar af Duusbryggju RV-005:017 á svæði H. Í þriðja áfanga verksins sem fór fram 2022 var að mestu unnið á svæði H, við gatnamót Tryggvagötu og Grófar en við þær framkvæmdir komu engar frekari fornleifar í ljós.

Aðferðafræði

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgir svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgrafthandbók Fornleifastofnunar Íslands.³ Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess



Mynd 3 sýnir sniðteikningu sem útskýrir hvernig einingarkerfið er hugsað. Við hlið hennar er sýnt hvernig einingarnar eru settar fram í flæðiriti.

rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa

niðurstöðum uppgrafar í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við.

2 Gylfi Helgason (2020), bls. 3-7

3 Lucas, Gavin (2003).

Gripir.

Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru eininganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.⁴

4 Lucas, Gavin (2003)




Mynd 4. Fyrst eftir að hafnarkanturinn kom í ljós var byrjað á að hreinsa frá honum með litlum handverkfærum en eftir að búíð var að ná efstu umförnum fram og lögum hleðslunnar komin fram var stærri verkfærum beitt.

Hafnarkantur, sjóvarnargarður og bryggja

Svæði A

Á svæði A sem var sunnan við austurenda Tollhússins í Reykjavík kom í ljós tvær grjóthleðslur [003] og [033] undan landfyllingu [004] frá 1939.⁵ Báðar grjóthleðslurnar [003] og [033] eru hvoru tveggja hluti hafnarkants sem hlaðinn var um 1917 til að dýpka höfnina í Reykjavík.⁶ Gróthleðsla [003] kom í ljós 23. júní 2020 en grjóthleðsla [033] 29.



Mynd 5 sýnir þverskurðarteikningu af hafnarkantinum. Ekki var grafið niður í sjávarmál en uppgráfin hæð mældist um 250 cm. Á hleðslunni er um það bil 135° halli.


apríl 2021. Efsti hluti grjóthleðslu [003] var einungis um 40cm undir yfirborði. Hleðslan var hlaðin úr lítið tilhöggnu stórgrýti. Það mátti telja um 6 umför í henni og þá var á henni um 135° halli (sjá mynd 5). Hún var hlaðin framan á landfyllingu [002] sem var úr mjög blönduðum og hreyfðum jarðlögum. Hreinsað var frá henni með litlum handverkfærum en einnig stórum vinnuvélum (sjá mynd 4) og á milli hleðslugrjóts mátti stundum finna heilar bökkur (sjá mynd 9). Í eðli sínu hefur svona hafnarmannvirki ekki þykkt en þar sem

5 Morgunblaðið (1.2.1939), bls. 3

6 sjá fornleif nr: RV-005:018 í Gylfi Helgason 2020, bls. 14 og Menningarminjar nr: 181285-529 í sarpri.is og borgarvefsja.reykjavik.is




Mynd 6 sýnir hafnarkantinn á svæði A sem kom í ljós fast sunnan við austurenda Tollhússins. Myndin er tekin til suðvesturs af svölum Tollhússins. Sú hlið hafnarkantsins sem vestast hefur verið eystrihlið Miðbakkans svokallaða.



Mynd 7 sýnir teikningu af suðvestur- og vesturhlið hafnarkants frá 1917. Innfelda myndin sýnir legu þess hluta sem var skráður. Svo til fyrir miðri suðvesturhlið eru ummerki eftir steypu umhverfis fráveitulögn sem líklega hefur verið komið þar fyrir eftir að bólverkið var hlaðið. Önnur og yngri fráveitulögn er svo nyrst á vesturhliðinni.

grafinn hafði verið skurður suðvestan við hleðsluna niður í landfyllinguna má segja að efst hafi hafnargarðurinn verið um 130cm að breidd austast en um 230-250cm vestast (sjá mynd 6).

Vestast á hleðslu [003] var um 120° gleitt horn og voru hliðarnar út frá því mislangar. Reyndist styttri hliðin sem snéri norður og suður vera um 2,5m löng en hin hliðin sem snéri í norðvestur og suðaustur um 8m löng (sjá mynd 7). Hleðsla [033] sem er um 4m austar en hleðsla [003] hefur verið hluti af norðvestur og suðaustur hlið hleðslu [003]. Grjóthleðsla [033] kom ekki í ljós fyrr en búíð var að hylja hleðslu [003] undir nýjum jarðvegi. Hleðsla [033] sást eingöngu í austursniði skurðar sem þá var grafinn. Hún var skráð eins og aðrar fornleifar sem fundust á svæðinu en að öðru leyti þurfti ekkert frekar að eiga við hana (sjá mynd 8). Norðvestur og suðausturhlið [003] og hleðsla [033] hafa upphaflega náð alveg til Steinbryggjunnar [026] eins og sjá má á korti sem teiknað var af Ólafi Þorsteinssyni og árssett




Mynd 8. Hlutar hafnarkantsins komu í ljós á mismunandi tímum innan framkvæmdatímans. Þannig kom t.d. grjóthleðsla [033] ekki ljós fyrir en hluti af sama mannvirki [003] hafði verið hulið sjö mánuðum áður. Teikningin sýnir þversnið hafnarkantsins sem kom í ljós 29. apríl 2021.



Mynd 9. Á milli hleðslugrjótsins fundust hleilar flöskur sem annað hvort hafa lent þar í brimrótinu eða verið stungið viljandi inn á milli steinanna.

er frá 1915-1918.⁷ Má gera ráð fyrir að hún hafi þá verið um 20m löng (sjá mynd 10). Annar og mun minni hluti af þessari hlið hafnargarðsins var skráður 2018 (sjá mynd 2) þegar unnið var að framkvæmdum við Steinbryggju og í Tryggvagötu austan Pósthússtrætis.⁸ Stytttri hliðin sem lá norður suður mun upphaflega hafa verið mun lengri en stærstur hluti hennar mun hafa vikið þegar Tollhúsið var byggt 1968 (sjá mynd 10).



Mynd 10 sýnir hluta af korti Ólafs Þorsteinssonar sem ársétt er frá 1913-1918. Rauði hringurinn liggur utan um þann hluta hafnarkantsins sem var rannsakaður.

sem tekin var 1938 í tilefni þess að Friðrik krónprins kom til Íslands sést að sennilega hefur ekkert tilhoggið grjót verið efst á honum (sjá mynd 12). Hafnargarðurinn var friðlýstur 2015,¹⁰ og var því ákveðið þegar

Hleðsluhæð hafnargarðs [003] mældist um 250cm en það mun bara hafa verið hluti af eiginlegri hleðsluhæð því að ekki var grafið niður á neðsta umfarið sem mun hafa verið við sjávarmál. Við rannsókn sem gerð var á hafnargarðinum austanmegin við Steinbryggju var talið að upphaflega hefði verið þrjú umförf af tilhöggnu grjóti efst á hafnargarðinum og var sú ályktun dregin af gömlum ljósmyndum sem höfðu verið skoðaðar í tengslum við þá rannsókn.⁹ Hvort þau hafi verið svo mörg á þeim hluta sem hér um ræðir er ekki víst.

Þegar myndir sem teknar hafa verið af ólíkum hlutum hafnargarðsins eru skoðaðar sést að ekki hefur verið samræmi í frágangi á yfirborði hans. Af mynd



Mynd 11. Áður en jarðvegur var settur yfir hafnarkantinn aftur var hann hulið með jarðvegsdúk.

7 Reykjavíkur kaupstaður. Bl. 1.

8 Lilja Björk Pálsdóttir (2020), bls. 5 og 11.

9 Ragnheiður Traustadóttir, Sólrún Inga Traustadóttir og Jakob Sindri Þórsson (án árs), b. 33

10 Ragnheiður Traustadóttir, Sólrún Inga Traustadóttir og Jakob Sindri Þórsson (án árs), b. 64



Mynd 12. Myndin var tekin 1938 í tilefni þess að Friðrik krónprins kom til Íslands. Ef rýnt er í myndina sést að sennilega hefur ekkert tilhoggið grjót verið efst á honum. Svipaðan frágang má enn sjá innan athafnarsvæðisins hjá Slippnum. Ljósmyndasafn Reykjavíkur

komið var að því að hylja hann aftur að setja fyrst yfir hann jarðvegisdúk, þá fínan sand og að lokum grófari jarðvegsefni efst (mynd 11). Eftir að búið var að hylja hafnarkantinn þurfti að grafa úr kjarna hans til að koma fyrir brunni. Vegna þess halla sem er á hleðslu [003] var reynt að taka eins lítið og mögulegt innan úr kjarnanum svo að ekki kæmi til þess að hleðslan [003] gengi úr skorðum.. Það verður þó að álykta sem svo að ekki verði meira efni tekið úr honum ef hann á að standa. Hafnarkanturinn [003] var hluti af umfangsmiklum hafnarframkvæmdum sem áttu upphaf sitt við lok 19. aldar og við upphaf 20. aldar¹¹ og verður betur fjallað um tildrög þessa mannvirkis í niðurstöðukafla.


Svæði B, D og G

Á svæðum B, D og G kom fram langur grjótgarður [009] úr stórgrýti. Hann var í nokkrum hlutum [006], [007], [008] og [022] sökum lagnaskurða sem grafnir höfðu verið þvert í gegnum hann. Grjótgarði [009] var ekki hlaðinn heldur hafði honum verið hrúgað upp fremst og framan á landfyllingu [005] og var garðurinn úr ótilhöggnu holtagrjóti en einnig var í honum sjóbarið stórgrýti. Heildarlengd garðs [009] var um 41,5m og um 5,5m á breidd og lá hann frá norðvestri til suðausturs og hafði svipaða stefnu og Tryggvagata. Út frá gerð og staðsetningu grjótgarðs [009] verður að gera ráð fyrir að um sjóvarnargarð hafi verið að ræða (sjá mynd 2).

Samhliða efstu umförum grjótgarðs [009] að sunnanverðu lá klóaklagn sem samkvæmt Borgarvefsjá var frá 1925.¹² Að auki voru víða skörð í hann út af lögnum sem

11 Guðjón Friðriksson (2013a), bls. 120

12 Borgarvefsja (2021).




Mynd 13. Hér sjást tveir hlutar sjóvarnargarðs [009], [007] er vinstra megin á myndinni er [008] er hægra megin. Meðfram garðinum að norðanverðu sést skólplögn frá 1925. Myndin var sett saman af Garðari Guðmundssyni.

lagðar höfðu verið þvert í gegnum hann. Lagnaskurðir þessir voru misdjúpir og höfðu því haft mismikil áhrif á ástand garð [009]. Fjögur áberandi djúp skörð skiptu garði [009] í fimm hluta [006], [007], [008], [022] og [027] og verður hér á eftir fjallað nánar um hvern og einn hluta sérstaklega.

Á svæði G sem var norðvestast á framkvæmdasvæðinu og sunnan við Hafnarhúsið kom fram garður [027] (sjá mynd 2). Garður [027] kom fram eftir áramót 2021 eftir að framkvæmdir höfðu legið niðri frá 3. desember 2020 til 2. febrúar 2021. Grjótgarður [027] sást í sniði skurðar sem grafinn var á gatnamótum Nausta og Tryggvagötu. Þar sem fyrirhugaður framkvæmdaskurður var áætlaður fast við suðurbrún garðsins [027] var óskað eftir því við verktaka að byrjað yrði á að hreinsa ofan af efsta umfari garðsins [027] svo hægt væri að skrá stefnu hans. Hann reyndist vera um 34m á lengd. Þar sem ekki var um eiginlega hleðslu að ræða og að búið var að skrá góðan hluta af garðinum á svæði B (sjá hér á eftir) þótti ekki þörf á ýtarlegri skráningu á þessum hluta. Fylgst var með gerð lagnaskurðarins og mun eitthvað af efstu umförum garðsins hafa verið grafin í burtu en væntanlega urðu nyrstu og neðstu umförin eftir. Á 6m löngum kafla um miðjan garð [027] komu upp steypubrot sem báru þess merki að hafa



Mynd 14. Grafið var niður í að sjávarmáli við sjóvarnargarð [008]. Ekki var um eiginlega hleðslu að ræða heldur hafði grjótinum eingöngu verið hrúgað framan á landfyllingu [005].



Mynd 15. Teikningin sýnir þverskurð sjóvarnargarðs [009]. Suðvestan við sjóvarnargarðinn lá lögn sem mun hafa verið sett þar 1925. Hann reyndist vera um 3m á hæð og 6m á breidd.



Mynd 16. Þegar unnið var að því að grafa sjóvarnargarð [006] á svæði B í burtu kom fram tré [024] sambærilegt því sem áður hafði fundist í Steinbryggjunni. Í því voru þó engir sýnirlegir járnteinar. Hugsanlega hefur það tengst lagningunni á sjóvarnargarðinum.



Mynd 17. Á 6m löngum kafla innanum grjótið í sjóvarnargarði [027] á svæði G komu í ljós nokkrir steypuklumpar. Þeir virtust vera úr óblandaðri steypu sem hugsanlega hefur harnað í þeim umbúðum sem hún kom í.

harðnað í strigapokum (sjá mynd 17).

Annar hluti garðsins [022] kom fram á svæði D sem var á gatnamótum Tryggvagötu og Nausta (sjá mynd 2). Svæðið var mikið skorið af lögnum sem lágu hvoru tveggja norðvestur og suðaustur eftir Tryggvagötu og svo norðaustur og suðvestur eftir Naustum. Garðurinn var 2,8m að lengd og um 2,4m á breidd (sjá mynd 18). Að skráningu lokinni var garður [022] fjarlægður vegna framkvæmda á svæðinu.



Mynd 18. Hluti [022] fannst á gatnamótum Tryggvagötu og Nausta og var sundurskorin af yngri lagnaskurðum.

Hlutar [006], [007] og [008] af sjóvarnargarði [009] komu í ljós í júní 2020 þegar stórt svæði var opnað við upphaf framkvæmda í Tryggvagötu. Þetta svæði er hér nefnt Svæði B og var það fast vestan við gatnamót Tryggvagötu og Pósthússtrætis (sjá mynd 2).

Garður [008] var um 12m á lengd og skorinn af aflögðum lögnum til beggja enda (sjá mynd 2). Þegar búið var að hreinsa hann var ákveðið að reyna að taka þversnið í gegnum hann og var óskað eftir hjálp frá verktakanum Bjössa við það. Fljótlega var þó hætt við þá tilraun vegna skriðs sem komst á grjótið. Þar sem ómögulegt reyndist að fá gott þversnið í garð [008] var í staðinn óskað eftir því að verktakinn Bjössi græfi skurð niður með garði [008] að neðsta umfari svo að hægt væri að skrá yfirborðssnið í staðinn. Þessi skurður endaði á að verða um 4x2,5m að stærð og um 1,5m á dýpt og var sniðið mælt inn með alstöð (sjá mynd 15). Ástæða þess að ekki var grafið frá öllum garðinum niður í sjávarmál var helst sú að framkvæmdaraðilinn þurfti ekki að grafa svo djúpt norðaustan við umræddar grjóthleðslur og að slík vinna myndi bæta takmörkuðum upplýsingum til viðbótar. Garðurinn reyndist vera um 6m að breidd og um 3m á hæð. Honum hafði verið hrúgað upp framan á landfyllingu [005] og var stór hluti af grjótinu í honum holtagrjót eins og áður hefur komið fram. Holtagrjótið hefur mjög líklega verið sótt í Öskjuhlíðina.¹³



Mynd 19. Á horni Nausta og Tryggvagötu sást í suðvestursniði skurðar steyptur sökkull [028] sem er hugsanlega undan ljósastaur. Hann var 47 cm breiður neðst en mjókkaði upp og efst var hann um 38cm. Hann var um 50cm á hæð en þykkt hans inni sniðinu er óþekkt. Efst á sökklinum og alveg á brún hans var járnbolti sem var um 3cm í þvermál og 13cm á hæð. Neðst á boltanum var ferhyrnd ró sem gæti hafa verið um 7cm á kannt en var mikið ryðbrunnin.



Mynd 20. Í suðvestursniði skurðar norður af austurhorni Tryggvagötu 28 sást steyptur sökkull [029] og mun hann hugsanlega vera undan ljósastaur eins og sökkull [028]. Hann var 61 cm breiður neðst en mjókkaði upp og efst var hann um 46 cm. Hann var um 49,5 cm á hæð en þykkt hans inni sniðinu er óþekkt. Efst á sökklinum var járnbolti sem var um 6 cm langur og 2,5 cm í þvermál. Neðst á boltanum var ferhyrnd ró, 2 cm þykk og um 7cm á kannt en var mikið ryðbrunnin. Einnig sáum óljós ummerki eftir e-s konar járnplötu sem gekk inni sniðið.

2m suðaustan við garð [008] var garður [007]. Garður [007] var einnig um 12m á lengd. Hann var að öllu leyti sambærilegur þeim sem fyrr var lýst.

5m suðaustan við garð [007] var garður [006] og suðaustasti hluti sjóvarnargarðsins [009]. Garður [006] leit út fyrir að vera að hreyfður þótt erfitt sé að fullyrða neitt um það þar sem um mjög óreglulega grjóthleðslu var að ræða. Meðfram norðausturhlið hans hafði legið gömul lögn og leit út fyrir að ysta grjótlaginu hefði verið hliðrað til að búa til pláss fyrir lögnina. Að öðru leyti var hún alveg sambærileg hinum hlutunum tveimur. Eftir að allir hlutar sjóvarnargarðsins [009] höfðu verið skráðir gaf Minjastofnun Íslands leyfi til þess að þeir yrðu fjarlægðir vegna þeirra framkvæmda sem unnið var á svæðinu.¹⁴ Þegar unnið var að því að fjarlægja sjóvarnargarðinn [009] kom í ljós stór trjábólur (sjá mynd 16) sem legið hafði undir garðinum og þvert á hann. Trébolurinn var að lágmarki 70cm á lengd því að annar endi hans hafði brotnað og hinn gekk inn í snið. Þar að auki var hann 13,5cm að breidd og 11,5cm að þykkt. Það verður að teljast líklegt að upphaflega hafi járnteinar verið í hvorum enda hans og þeir legið upp í grjótgarðinn. Áþekkur umbúnaður fannst einnig í Steinbryggjunni (sjá mynd 32 á bls. 21).

Þegar unnið var að hreinsun á görðum [007] og [008] mátti finna stöku móöskulög með gripum í (sjá viðauka). Þessi mannvistarlög benda til þess að fólk hafi hent þar sorpi í þann stutta tíma sem sjóvarnargarðurinn var í notkun. Þetta var sjálfsgöðu ekki mikið magn

14 MÍ202005-0149/8.02/K.M. (15.7.2020).



Mynd 21. Í suðvestursniði skurðar norður af inngangi að Tryggvagötu 26 sást steyptur sökkull [030]. Eins og í tilfellum [028] og [029] er hugsanlega um sökkul undan ljósastaur að ræða. Hann var 57 cm breiður neðst en mjökkaði upp og efst var hann um 47 cm. Hann var um 46 cm á hæð en þykkt hans inni sniðinu er óþekkt. Efst á sökklinum var járnbolti sem var um 7 cm langur og 2,5 cm í þvermál. Neðst á boltanum var ferhyrnd ró, 2 cm þykk og um 7cm breið og að lágmarki um 10cm á lengd en hún gengur inn í sniðið og því er um lágmarkslengd að ræða. Sennilega er hér um svipaðan frágang að ræða og á skiltum sem enn eru í notkun.

Svæði C

Á svæði C sem var sunnan við vesturenda Tollhússins kom í ljós þétt grjóthrúga [021]. Hún var 6,5m á lengd og 1,8m á breidd og lá norðvestur og suðaustur. Hún var um 80 cm á hæð og mátti telja í henni um 3 umfór. Ekki var hægt að fullyrða að um fornleif væri að ræða þar sem ekki var um greinilega hleðslu að ræða en staðsetning hennar var svipuð og talið var að bryggja RV-005:019 hafi áður verið.¹⁵ Þar sem mögulegt var að ekki hefði verið vandað til umbúnaðar umhverfis bryggjustólpa var talið mögulegt að grjótið [021] gæti verið leifar eða hluti af slíkri hleðslu. Eftir að grjóthleðsla [021] hafði verið skráð gaf Minjastofnun Íslands leyfi til þess að hún yrði fjarlægð.¹⁶



Mynd 22. Á svæði C kom fram grjóthrúga [021] sem hafði mögulega verið hrúgað upp sem umbúnaður umhverfis bryggjustólpa.

15 Gylfi Helgason (2020), bls, 15

16 MÍ202005-0149/8.02/K.M. (3.7.2020).

Svæði E

Svæði E var í Naustum, nánar tiltekið norðan gatnamóta Nausta og Tryggvagötu. Þegar unnið var að greftri í Naustum 27. júní 2020 kom í ljós tréverk [023] sem gera má ráð fyrir að hafi tilheyrt trébryggju (sjá mynd 23). Tréverk [023] samanstóð af tveimur trjábólum sem felldir höfðu verið saman. Lengri trjábolurinn var 272cm að lengd og 12x9cm að breidd og þykkt. Á honum miðjum hafði hann verið felldur í 7cm djúpa gróp sem var í styttri bolnum. Styttri trjábolurinn var 87cm á lengd og 14x11,5cm á þykkt og breidd. Það þykir ólíklegt að tréverkið hafi verið á upphaflegum stað en styttri trjábolurinn hefur sennilega verið bryggjustólpi. Að lokinni skráningu var tréverkinu fargað.



Mynd 23 sýnir tréverk [023] sem kom í ljós á svæði E

Svæði F

Svæði F var við austurmörk framkvæmdasvæðis og hófst vinna á því svæði í seinni hluta júlí 2020. 21. júlí fóru að koma í ljós grjótlög og móöskulög [010] sem gáfu til kynna gamalt fjöruborð og svo birtist vestari Steinbryggjuveggurinn [011] innan við þessi jarðlög 22. júlí. Steinbryggjuveggurinn var hlaðinn úr tilhöggnu holtagrjóti og var í honum stórt U-laga skarð sem höggvið hafði verið í hann til að koma fyrir lögnum. Í þessu skarði var bara neðsta umfarið eftir. Við þá framkvæmdavinnu sem hér átti í hlut reyndist það nokkur þraut að koma



Mynd 24 sýnir ytra byrði vesturhliðar Steinbryggjunar eins og það leit út áður en hafist var handa við að fjarlægja grót úr honum.



Mynd 25. Stundum var nokkur vatnselgur í skurðinum við vestari Steinbryggjuvegginn [011] svo að jarðvegur tók að skolast undan honum.



Mynd 26. Í upphafi var grafin hola undir vestari Steinbryggjuvegginn [011] til að koma lögnum undir hann en seinna var horfið frá þeirri aðgerð.

enn fleiri lögnum framhjá í gegnum þennan vegg. Byrjað var á að reyna að koma einni lögnum undir hann. Var óskað eftir leyfi frá Minjastofnun Íslands um að grafa holu undir vegginn og fékkst það 17. ágúst 2020.¹⁷ Eftir að lögninni hafði verið komið fyrir var ákveðið að hverfa frá þessari aðgerð og færa lögnina ögn sunnar undir vegginn og var þá miðað við skarðið sem þegar var komið í Steinbryggjuvegginn. Sótt var um leyfi til Minjastofnunar Íslands að taka neðsta umfarið sem eftir var í áður nefndu lagnaskarði og kljúfa þar með vegginn í tvo



Mynd 27. Unnið að því að fjarlægja grjótt úr vestari Steinbryggjuveggnum [011].



Mynd 28. Framkvæmdasvæðið var stækkað til austurs útfyrir austurhlið Steinbryggjunnar [020].


hluta. 25. ágúst 2020 veitti Minjastofnun Íslands leyfi til að tilteknir steinar yrðu fjarlægðir.¹⁸ Í kjölfarið af því að grjótið var tekið úr veggnum var ráðist í það að binda jarðlögin undir og við nyrðri veggglutann með sementi þar sem hluti af þeim hafði skolast í burtu sökum vatnselgs í skurðinum. Með þessari grjóttöku var grjótnám úr Steinbryggjuveggnum þó ekki lokið því 31. ágúst 2020 var óskað eftir leyfi til að fjarlægja 2-6 steina til viðbótar.¹⁹ Leyfi frá Minjastofnun Íslands um að taka mætti umrædda steina kom 3. september 2020 og var leyfið með þeim skilyrðum að steinarnir yrðu fjarlægðir með þeim hætti að þeir væru í sem bestu ásigkomulagi og að farið yrði með þá upp á Árbæjarsafn²⁰ og var það gert í

17 MÍ202004-0137/ 6.10 / K.M. (17.8.2020).


18 MÍ202004-0137/ 6.10 / K.M. (25.8.2020).

19 Sigurbjörg Rútsdóttir (2020)


20 MÍ202004-0137/ 6.10 / K.M. (3.9.2020)



Mynd 29. Efri teikningin sýnir ytrabyrði vesturhlíðar Steinbryggjunnar [011] áður en grjót var fjarlægt úr veggnum og þær lagnir sem lágu um hann (hringirnir). Grjótíð sem var fjarlægt er merkt með x-i. Neðri teikningin sýnir sömu hlið og sú efri eftir að grjótíð hefur verið fjarlægt ásamt nýjum lögnum (staðsetning lagna ekki nákvæm).



Mynd 30. Teikningin sýnir norður-þversnið Steinbryggjunnar [026]. Milli grjóthlaðinna veggja Steinbryggjunnar [011] og [020] er hluti af upphaflegri fyllingu hennar [012] og [013]. Hún hafði verið skorin af stórum lagnaskurði [031] sem var fullur af yngra jarðvegsefni [001]. Efst á austurhluta bryggjunnar voru fjórir járnbrautarteinar [015], [016], [017] og [018] og hafa þeir myndað tvö pör af járnbrautarsporum. Milli þeirra hafði verið settur finnur sandur [019].



Mynd 31. Innrabyrði vesturveggs [011] Steinbryggjunnar. Vinstrihluti teikningarinnar sýnir syðri enda veggisins sem lá inn Pósthússtrætið en hægríendi teikningarinnar sýnir lagnaskarðið sem að öllum líkindum hefur verið gert 1925 þegar skólplögn var komið fyrir í því. Við þær framkvæmdir sem hér hafa verið raktar var þessari skólplögn skipt út fyrir nýja sem fór mun dýpra með þeim afleiðingum að núna er vestari Steinbryggjuveggurinn kominn í tvo hluta.

samráði við Önnu Lísu Guðmundsdóttur verkefnastjóra fornleifa hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur. Grjótið úr Steinbryggjuveggnum var losað með því að brjóta steypuna sem hleðslugrjótið var límt saman með með bor og tók það drjúga stund.

23. september var svo farið í það að stækka framkvæmdasvæðið til austurs (sjá mynd 28). Ástæðan fyrir þeirri stækkun var að sú að eftir að búið var að koma áður nefndum lögnum í gegnum Steinbryggjuvegginn var talið æskilegt að tengja þær við brunn austan við Steinbryggjuna. Austurendi framkvæmdasvæðisins var því stækkaður um 17x9m til austur. Við þessa stækkun á framkvæmdasvæðinu náði lagnaskurðurinn því þvert í gegnum Steinbryggjuna og einnig niður fyrir hana þar sem hann var svo djúpur. Við það skapaðist tækifæri til að skrá þversnið bryggjunnar (sjá mynd 30). Þegar unnið var við framkvæmdagröftinn kom í ljós trébolur með tveimur járnteinum sem stóðu hvor upp úr sínum enda trjábolsins (sjá mynd 32). Sambærileg tré - og járnfesting fannst við rannsókn á Steinbryggjunni 2014.²¹

Svæði H

Unnið var á svæði H í öðrum og þriðja áfanga verkefnisins. Á því svæði fannst bryggjupóstur [032] sem mun að öllum líkindum hafa verið leifar af Duusbryggju RV-005:017 (sjá mynd 33). Hann kom undan nokkuð myndalegri grjóthrúgu svipaðri [021]. Hann var úr timbri um 20x15cm að breidd og þykkt og snéri norð-norðaustur og suð-suðvestur. Ekki þurfti að fjarlægja póstin vegna framkvæmdanna.



Mynd 32. Þegar grafið var innan úr kjarna Steinbryggjunnar [012] kom í ljós eins konar stokkur [025] með járnteinum í sitt hvorum enda. Hann lá þvert á stefnu Steinbryggjunnar og fannst samskonar umbúnaður einnig 2014 (sjá Hildur Gestsdóttir, Oddgeir Isaksen og Guðrún Alda Gísladóttir 2015, bls. 11-12)



Mynd 33. Við framkvæmdavakt á svæði H kom í ljós bryggjupóstur [032] sem mun hafa verið hluti af Duusbryggju RV-005:017.

21 Hildur Gestsdóttir, Oddgeir Isaksen og Guðrún Alda Gísladóttir (2015), bls. 11-12



Mynd 34. Flaska <2020-24-19>C af svæði A. Í botni flöskunnar er enn varðveittur vökvi, að öllum líkindum sjór.
Ljósmynd: Hólmfríður Sveinsdóttir.

Gripir - greining og umfjöllun

Hólmfríður Sveinsdóttir, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir og Stefán Ólafsson

Við rannsóknina fundust alls 255 gripir á svæðum A, B og C; á svæði A fundust 48 gripir, á svæði B 206 og einn gripur á svæði C. Margir gripanna bera þess merki að hafa verið í styttri eða lengri tíma í sjó áður en þeir skulu á varnargarðinn eða bólverkið. Reynist því erfitt að aldursgreina gripina út frá fundarsamhengi þeirra en styðjast má við gerðfræði gripanna. Safn leirkerabrotanna af svæði B var aldursgreint af prófessor Gavin Murray Lucas en það má greina til fyrri hluta 20. aldar. Sum leirkeranna gætu hafa verið í notkun á síðari hluta 19. aldar en ekki má telja að gripirnir séu eldri en frá þeim tíma (Gavin Murray Lucas munnlegar upplýsingar.).

Fundarstaðir gripanna voru stundum á nokkuð samþjappaðir milli steina í ösku og móöskulögum þar sem gera mátti ráð fyrir að úrgangi hafði verið fleygt. Þar sem samhengi fundasafnsins var jafn óljóst og raun ber vitni var sú ákvörðun tekin að gripasafnið yrði grísað áður en rannsókn lyki. Var lögð áhersla á að vel varðveittir og heillegir gripir yrðu varðveittir til frambúðar en allir gripir sem fundust við rannsóknina voru þó skráðir í gagnagrunn og ljósmyndaðir svo að halda mætti til haga upplýsingum um fundasafnið í heild sinni. Hólmfríður Sveinsdóttir fornleifafræðingur og Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir fornleifafræðinemi sáu um úrvinnslu og greiningu á gripunum.

Svæði A

Á svæði A fundust 48 gripir sem skiptast í: þrjá steingripa, fimm málmgripa, níttján glerbrot, fimmtán gripa úr brenndum leir, fjóra gripa úr lífrænum efnum og tvo gripa úr byggingarefni sem talið er að sé asbest.



Mynd 35 er samsett af nokkurm ljósmyndum sem sýna úrvali gripa sem komu í ljós við uppgröftinn á sjóvarnargarði [009]. Flestir gripirnir komu í ljós þegar hlutar [008] og [007] voru hreinsaðir. Þeir voru í þéttum móðskulögum inni á milli grjótsins í garðinum sem gæti bent til þess að þar hafi fólk losað sig við rusl. Efst til vinstri er krókur (007) úr kopar, efst til hægri er sakka (007) úr blýi með fisklögum, neðst til vinstri eru leifar leðurskó (001), neðst til hægri er mynd af matarúrgangi (005). Ljósmyndir: Hólmfríður Sveinsdóttir Steinn

Þrjár ílangar plötur úr flögubergi, líklega þakskífur <2020-24-14>.

Málmur

Fimm járnstykki, misstór og frekar tærð <2020-24-13>.

Fundir úr lífrænum efnum

Eitt dýrabein, ein dýratönn <2020-24-9> og tala, ca. 1,5 cm í þvermál, úr beini eða horni <2020-24-11>. Einnig fannst lítill kolamoli á svæðinu, ca. 1,5 cm <2020-24-10>.

Gler

Nítján glerbrot. Þar af eru 12 flöskubrot og 6 glerbrot með óþekkt hlutverk og eru að nokkru vatnssorfin <2020-24-19>. Einnig fundust tvær heilar glerflöskur, önnur fleygur úr glæru gleri ca. 13,5 cm á hæð, með varðveittum vökva í botninum (sjó) (sjá mynd 1) <2020-24-19> og hin heil glerflaska úr ljósgrænu gleri, 28,3 cm á hæð. Á botninum á henni stendur: 0,7 l. Db. <2020-24-17>.

Keramik

Fimmtán brot úr brenndum leir. Níu hvítleirsbrot, flest mjög vatnssorfin nema tvö. Þar af er eitt brot úr bolla, tvö úr diskum og eitt úr stærra íláti; eitt brot úr rauðleir, glerjað að innan og vatnssorfið, tvö lítil postulínsbrot <2020-24-18>, einn stór múrsteinn og tvö múrsteinsbrot <2020-24-15>.

Byggingarefni

Tvær plötur úr asbesti/byggingarefni <2020-24-12 og 15>.

Svæði B

Á svæði B fundust 207 gripir, sem skiptast í: 27 gripir úr lífrænu efni, 1 steingrip, 24 gripir úr málm, 86 gripir úr gleri og 69 gripir úr brenndum leir.

Lífræn efni

27 fundir alls. Þar af skósóli úr leðri með vel varðveittum hæl (sjá mynd 2). Lengd: 15,5 cm, breidd: 5,8 cm, þykkt hæls 2,1 cm, tveir leðurbútar og þrjú textílbútar <2020-24-1>, einn lítill kolamoli, tæpur 1 cm á breidd og 2 cm á lengd <2020-24-2>, illa varðveittur trébútur, u.þ.b. 6 cm á lengd og 1,5 cm á breidd <2020-24-4> og níttján dýrabein, þ. á m. ein höfuðkúpa úr fugli, fimm fiskbein og dýratönn <2020-24-5>.

Steinn

Ein steinplata úr flögubergi <2020-24-3>. Mögulega þakskífa.

Málmur

24 gripir úr málm fundust, af þeim voru: 7 járnaglar, tappi úr tini, koparnagli, ca. 8,5 cm á lengd og 1 cm á breidd, stór heillegur krókur úr járn, ca. 14 cm á lengd, stórt járnstykki ca. 25 cm á lengd, steypur fiskur úr blýi (hluti af öngli), 15mm sívöl járnstöng með krók á öðrum enda sem sennilega hefur verið hluti af verkfæri og 12 önnur járnstykki sem voru of brotakennd til að frekari greining á hlutverki þeirra væri möguleg <2020-24-7>.



Mynd 36. Á milli stórgrýtisins í grjótgardi [007] fannst 15mm sívöl járnstöng með krók á öðrum enda, sennilega hluti af verkfæri. Krókurinn virðist heill með oddi fremst en á hinum endanum sem er brotinn vottar fyrir gati þar sem eitthvað hefur gengið í gegn, t.d. þolinmóður. Gripurinn er 29,5cm að lengd og 16,5cm að breidd.

Gler

86 glerbrot: 14 flöskubrot, 6 brot úr mæliglössum, 29 rúðuglersbrot, 20 glerbrot úr hvítu belgvíðu gleriláti – mögulega vasa, glerilát ca. 7 cm á hæð sem á vantar stút/haus og lítið glerhylki, ca. 5 cm á lengd og 2,3 cm á breidd <2020-24-20>.

Keramik

69 gripir fundust úr brenndum leir. 32 postulínsbrot, af þeim eru brot úr bollum, sumum skreyttum, tvær könnur/vasar og undirskál með því sem á ensku er nefnt 'Tissue-print' skreyti. Af hvítleir fundust 35 brot, þar af voru; diskur og undirskál/lítill diskur með stimpilskreyti; brot úr diskum, djúpum disk og bollum með því sem á ensku nefnist 'edge banded' skreyti <2020-24-16>. Einnig fannst ferkantaður músteinn 5x5 cm og lítið vatnsorfið múrsteinsbrot <2020-24-6>.

Svæði C

Unnið trékefli, ca. 19,2 cm á lengd og 3 cm á breidd. Merki eru um leifar járnagla í viðnum <2020-24-8>.

Svæði H

Á svæði H fannst einn gripur, hnífur úr ryðfríu stáli með viðarskafti. Hnífurinn er 23,9 cm á lengd og 2 cm þar sem hann er breiðastur. Plastskaftið sem er 112 mm langt er fest við hnífsblaðið með þrem hnoðum. Merkingar eru á báðum hliðum blaðsins og er öðru megin merki framleiðandans Slitzer og undir því Rostfrei en hinu megin Mfg in China, Nat



Mynd 37. Myndin var tekin 24. júlí í 1938 tilefni þess að þá kom danski ríkisarfinn Friðrik krónprins og Ingiríður eiginkona hans. Fyrir miðri mynd má sjá fólk standa á Steinbryggjunni sem ári seinna hvarf undir landfyllingu [004]. Ljósmyndari: óþekkt / Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Lokaorð / niðurstöður

Hafnargerð í Reykjavík átti sér langan aðdraganda sem hófst þegar fyrsta hafnarnefndin var sett á laggirnar 1856.²² Fyrsta hafnarmannvirkið á vegum Reykvíkur sem leit dagsins ljós 1884 var Bæjarbryggjan.²³ Hún var byggð í beinu framhaldi af Pósthússtræti úr tré fremst en grjóthlaðin innst.²⁴ Hún þurfti töluvert viðhald auk þess sem sandur safnaðist að henni og var takmörkuð ánægja með hana meðal bæjarbúa sem endaði með því að hún varð að öllu leiti grjóthlaðin 1893 og var eftir það kölluð Steinbryggja [023].²⁵

Ýmsir hlutar Steinbryggjunnar hafa áður verið grafnir fram í tengslum við misjafnlega umfangsmiklar framkvæmdir²⁶ en líklega hefur aldrei jafnstór hluti hennar verið sýnilegur síðan hún fór undir landfyllingu [004] eins og við umræddar framkvæmdir á svæði F. Við



Mynd 38. Miklar breytingar hafa átt sér stað við Steinbryggjuna síðan 1938 þegar danski ríkisarfinn kom í heimsókn en þó hefur klóakrörið sem hér sést neðst í skarðinu á henni verið komið, því það var lagt 1925.

22 Lúðvík Kristjánsson (1952), bls. 144

23 Páll Líndal (1988), bls. 23

24 Guðjón Friðriksson (2013a), bls. 56


25 Guðjón Friðriksson (2013a), bls. 56

26 Sjá skýrslur: Hildur Gestsdóttir, Oddgeir Isaksen og Guðrún Alda Gísladóttir (2015) og Lilja Björk Pálsdóttir (2020)



Mynd 39. Hafnarkanturinn frá 1917. Byrjað var á að kalla grjóthleðsluna framan á landfyllingunni bólverk fyrir tilstuðlan Knuds Zimens en hann fékk Guðmund Björnsson til þess að hjálpa sér að smíða þetta heiti (Lúðvík Kristjánsson (1952), bls. 206).

þær framkvæmdir sem hér hafa verið raktar voru fjarlægðir 8 steinar úr vestari Steinbryggjuveggnum og er hann því kominn í tvo hluta. Það var þó komið stórt skarð í vegginn áður en þessar framkvæmdir hófust sem virðast mega rekja til framkvæmda sem áttu sér stað 1925 þegar klóaklögnum, sem núna var skip út fyrir nýja, var lögð. Að auki var meira efni tekið úr upphaflegri fyllingu sem sett hafði verið milli veggja bryggjunnar og svo var stórum brunni komið fyrir fast við innra byrði vesturveggjar bryggjunnar.



Mynd 40. Úrklippa úr Morgunblaðinu 1. febrúar 1939. Í greininni sem fylgir myndinni kemur fram að fyllt verði uppi svæðið sem sýnt er skástrikað (Morgunblaðið (1.2.1939), bls. 3).

Lítið var vart við eystri hlið bryggjunnar nema í norðursniði framkvæmdasvæðisins og þar hjá sást einnig fjórir brautarteinar en að öðru leyti var ekki hreyft við Steinbryggjunni. Við lok framkvæmda voru leifar hennar huldar jarðvegi að nýju.

Byrjað var á að hylja Steinbryggjuna [026] undir landfyllingarefni [004] 1939²⁷ en

27 Morgunblaðið (1.2.1939), bls. 3



Mynd 41. Hér sést hvernig gengið hefur verið frá yfirborðinu á bólverkinum hjá Slippnum. Mun frágangurinn á bólverkinum á svæði A hafa verið sambærilegur.

